



Viðauki við lýsingu hlutabréfa dagsetta 17. mars 2015 sem birt var í tengslum við umsókn um töku allra útgefinna hlutabréfa í Reitum fasteignafélagsi hf. og fyrirhugað hlutafjárútbod í aðdraganda töku hlutabréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 þar sem kemur fram að komi fram mikilvægar nýjar upplýsinga eða ónákvæmni sem máli getur skipt við mat á verðbréfunum skuli útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Lýsing hlutabréfa sem samanstendur af samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu hlutabréfanna, allt dagsett 17. mars 2015, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta lýsingarinnar.

Við umfjöllun í eftirfarandi köflum í lýsingu hlutabréfa; kafla 1.5 *Uppbygging á eignarhaldi* í verðbréfalýsingu hlutabréfa, kafla 4.1 *Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði* í verðbréfalýsingu hlutabréfa og kafla 2.4 *Ágrip af sögu* í útgefandalýsingu bætist eftirfarandi málsgrein: „Í tengslum við breytingar á eignarhaldi útgefanda við endurfjármögnun hans í desember 2014, í kjölfar hennar og í fyrirhuguðu almennu útboði því sem verðbréfalýsing hlutabréfa dagsett 17. mars 2015 tekur til, svo og í tengslum við umsókn útgefanda um að hlutabréf hans verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þá óskaði útgefandi eftir því að tímatakmörk á sölu eignarhluta í útgefanda sem Samkeppniseftirlitið hefur veitt aðilum að sátt, vegna ákvörðunar nr. 15/2010 um yfirtöku, yrðu framlengd til 31. maí 2015. Núgildandi tímamörk eru því til þess dags og mun Samkeppniseftirlitið yfirfara með hverjum og einum aðila að sáttinni hvort eða hvernig og hvenær skilyrði sáttarinnar teljast uppfyllt.“

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Reita fasteignafélags hf., kennitala 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Reita fasteignafélags hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 23. mars 2015
Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.

Elin Árnadóttir
formaður stjórnar

Guðjón Auðunsson
forstjóri

Umsjónaraðili með útbodum og töku hluta til viðskipta

